



Reykjavík, 7. mars 2025

MSS23070054

UMSÖGN VIÐ TILLÖGU

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa umhverfisgæða, deild náttúru og garða

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 16. ágúst 2023, var lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem lögð var fram í borgarráði 13. júlí 2023 og vísað til umhverfis- og skipulagsráðs:

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi tillögu: Lagt er til að Reykjavíkurborg standi við skuldbindingar sínar um trégrísjun í Öskjuhlíð í þágu flugöryggis. Metið verði hversu mörg há tré þurfi að grísjá til að tryggja flugöryggi í tengslum við aðflug og brottflug frá austur-vestur braut flugvallarins (13/31). Jafnframt verði ráðist í mótvægisáðgerðir með gróðursetningu nýrra og lægri trjátegunda í Öskjuhlíð og nágrenni, t.d. birkis, í stað þeirra grenitrjáa sem óhjákvæmilegt er að grísjá í þágu flugöryggis. Við þá gróðursetningu verði haft að leiðarljósi að svæðið verði fegrað og notagildi þess aukið í þágu almennrar útivistar.

Tillögunni var vísað til umsagnar, umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu umhverfisgæða 16. ágúst 2023.

Umsögn:

Reykjavíkurborg hefur átt í samskiptum við Samgöngustofu og Isavia innanlandsflugvelli ehf. sjá meðfylgjandi minnisblað Isavia innanlandsflugvalla dags. 6. júlí 2023. Reykjavíkurborg hefur þegar gripið til aðgerða og fellt yfir 700 tré í Öskjuhlíð. Til stendur að fella u.þ.b. 7-800 til viðbótar fyrir sumarið, þ.e. þau tré sem skaga upp í sk. VSS-flöt samkvæmt mælingum Svarma í október 2024. Sjá nánar í tillögu að aðgerðaáætlun sem lögð er fyrir umhverfis- og skipulagsráð 12. mars 2025.

Virðingarfyllt,
Þórólfur Jónsson
Umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa umhverfisgæða
Deild náttúru og garða



Reykjavík